LINDA BEN

Grillaðir bananar með saltaramellufylltu súkkulaði



Eldunartími

20 mín

Erfiðleikastig

Auðvelt

Fjöldi

0

Lýsing

Grillaðir bananar fylltir með saltkaramellufylltu súkkulaði.
Það er varla til sumarlegri eftirréttur en grillaðir bananar fylltir með súkkulaði.
Hér höfum við alveg tryllta saltkaramellu útgáfu af grilluðum bönunum sem þú átt alveg örugglega eftir að elska.

Grillaðir bananar

- Bananar
- Síríus Pralín súkkulaði með saltkaramellufyllingu

Aðferð:

1. Skerðu alveg ofan í bananann eftir endilöngu án þess þó að skera hann í tvennt.
2. Opnaðu skurðinn á bananunum og settu u.þ.b. 5-6 bita af súkkulaðinu (fer eftir stærð bananans).
3. Klæddu bananann í álpappír og láttu súkkulaðið standa upp.
4. Grillaðu bananann á meðal heitu grilli þar til bananinn er orðinn mjúkur og súkkulaðið bráðnað.

Ef þú prófar þessa uppskrift þá þætti mér svo vænt um að heyra frá þér! Skildu eftir skilaboð hér fyrir neðan, eða taktu mynd og merktu mig á Instagram @Lindaben
Fylgistu með á Instagram!
Njótið vel!
Ykkar

Hráefni

—

Leiðbeiningar

1.